

## GJALDSKRÁ

### fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar.

#### 1. gr.

Fyrir matvæla-, áburðar-, sáðvöru- og fôðureftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar skulu fyrirtæki, einstaklingar og lögaðilar greiða eftirlitsgjald í samræmi við gjaldskrá þessa. Gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar. Einnig skal greiða gjald vegna kostnaðar við sýnatöku og greiningu á rannsóknastofu.

#### 2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð er 23.375 kr./klst. Aðeins er greitt fyrir eftirlit sem framkvæmt er á eftirlitsstað og greitt er fyrir hvern hafinn stundarfjórðung.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við þá eftirlitsskyldu starfsemi sem fram kemur í neðangreindri töflu og er greitt fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

Tegund	Gjald kr.
Sáðvara, framleiðsla, gæðavottun og/eða sala, 7 klst.	65.450
Sáðvara, eftirlit með sölu innanlands, 7 klst.	60.775
Framleiðsla á umbúðum úr viði, 4 klst.	32.725
Áburður, framleiðsla lífræns áburðar úr aukaafurðum dýra, 10 klst.	88.825
Áburður, framleiðsla lífræns áburðar úr öðru en aukaafurðum dýra, 4 klst.	37.400
Matfiskaeldi, framleiðsla, < 25 tonn á ári, 2 klst.	18.700
Matfiskaeldi, framleiðsla, 25-50 tonn á ári, 3 klst.	28.050
Matfiskaeldi, framleiðsla, > 50 tonn á ári, 4 klst.	37.400
Klakstöð/seiðaeldi, < 100.000 seiði, 3 klst.	23.375
Klakstöð/seiðaeldi, > 100.000 seiði, 4 klst.	37.400

Falli reglubundið eftirlit með fyrirtækjum ekki undir 1. eða 2. mgr. skal greiða eftirlitsgjald skv. 9. gr.

Til viðbótar við ofangreind gjöld skal greiða kr. 3.300 akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

#### 3. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi skal greiða gjald fyrir útgáfu leyfis sem nemur einu tímagjaldi, kr. 9.350, hvort sem um er að ræða nýja starfsemi eða endurnýjun leyfis. Fyrir skráningu fôður-fyrirtækja og skráningu fôðurs skal greiða gjald sem nemur hálfu tímagjaldi, þ.e. kr. 4.675.

#### 4. gr.

Greiða skal gjald vegna vinnu við inn- og útflutning samkvæmt neðangreindri töflu:

Inn- og útflutningur	Gjald kr.
Útflutningur dýraafurða, allt að 5,0 kg	2.688
Útflutningsvottorð dýraafurða umfram 5,0 kg	6.545
Útflutningsvottorð á heyi	6.545
Útflutningsskoðun hrossa pr. dýr	6.389
Útflutningsvottorð, sjávarafurðir	4.675

<b>Inn- og útflutningur</b>	<b>Gjald kr.</b>
Útflutningsvottorð, lifandi hrogn	4.675
Útflutningsvottorð, lifandi seiði	4.675
Útflutningur plantna og plöntuafurða, þar með talið viðarumbúðir og fræ	4.675
Innflutningseftirlit, notaðra landbúnaðartækja	32.725
Innflutningseftirlit, sæði hunda	9.350
Innflutningseftirlit, hundar og kettir	37.400
Innflutningseftirlit, önnur gæludýr	9.350
Innflutningseftirlit, með sáðvöru (s.s. fræ og sáðkorn), utan EES	9.350
Innflutningseftirlit, áburður, 1-5 tegundir í sendingarnúmeri	1.403
Innflutningseftirlit, áburður, 6-10 tegundir í sendingarnúmeri	2.337
Innflutningseftirlit, áburður, yfir 10 tegundir í sendingarnúmeri	2.805
Innflutningseftirlit, áburður, skráning áburðarinnflytjanda	4.675
Innflutningseftirlit, áburður, skráning áburðartegundar, hver tegund	4.675
Afgreiðsla tilkynninga um innflutning fôðurs fyrir dýr til matvælaframleiðslu	4.675
Afgreiðsla tilkynninga um innflutning fôðurs fyrir gæludýr	4.675
Útflutningseftirlit, sauðfjársæði	4.675
Útflutningsáritun, hundar og kettir	1.904

Gjald fyrir annað inn- og útflutningseftirlit skal greiðast samkvæmt tímagjaldi, sbr. 9. gr.

#### 5. gr.

Eftirlitsgjald vegna heilbrigðisskoðunar á sláturdýrum, sbr. 11. gr. laga um slátrun og sláturfurðir nr. 96/1997 er kr. 5,20 fyrir hvert kíló kindakjöts, kr. 6,50 fyrir hvert kíló svínakjöts, kr. 4,60 fyrir hvert kíló nautgripakjöts, kr. 6,60 fyrir hvert kíló hrossakjöts og kr. 1,20 fyrir hvert kíló alifuglakjöts. Gjaldið greiðist samkvæmt innvegna magni kjöts í afurðastöð í samræmi við framleiðsluskýrslur sláturleyfishafa til Matvælastofnunar. Sláturleyfishafa er skylt að skila undirritaðri framleiðsluskýrslu mánaðarlega fyrir 15. hvers mánaðar fyrir framleiðslu liðins mánaðar. Framleiðsluskýrsla skal undirritað af framkvæmdastjóra eða af öðrum aðila fyrir hans hönd.

#### 6. gr.

Eftirlitsgjald vegna aðskotaefnamælinga í mjólk, eggjum og lagardýrum skal greiða samkvæmt framlögðum framleiðslumagnstölum framleiðenda á hverju sex mánaða tímabili, annars vegar janúar-júní og hins vegar júlí-desember og skulu upplýsingar um framleiðslumagn hafa borist Matvælastofnun eigi síðar en 15 dögum eftir lok tímabils. Berist upplýsingar ekki innan tilskilins frests skal Matvælastofnun innheimta eftirlitsgjald samkvæmt áætluðu framleiðslumagni.

Eftirlitsgjald fyrir aðskotaefnamælingar í mjólk er kr. 74 á hverja þúsund lítra af innveginni mjólk hjá afurðastöð.

Eftirlitsgjald fyrir aðskotaefnamælingar í eggjum er kr. 643 fyrir hvert framleitt tonn hjá eggjaframleiðendum.

Eftirlitsgjald fyrir aðskotaefnamælingar í lagardýrum er kr. 492 fyrir hvert framleitt tonn af lagardýrum/öslægðum fiski hjá eldisstöðvum.

#### 7. gr.

Árlegt eftirlitsgjald vegna opinberra eftirlitssýna í fôðri byggir á áhættuflokkun fôðurframleiðslufyrirtækja og fer gjaldið samkvæmt eftirfarandi töflu og greiðist á sex mánaða fresti, annars vegar fyrir janúar-júní og hins vegar fyrir júlí-desember:

<u>Áhættuflokkur</u>	<u>Eftirlitsgjald kr.</u>
Fyrirtæki í áhættuflokki 2	764.729
Fyrirtæki í áhættuflokki 3	409.676
Fyrirtæki í áhættuflokki 4	300.429
Fyrirtæki í áhættuflokki 5	218.494
Fyrirtæki í áhættuflokki 7	60.086
Fyrirtæki í áhættuflokki 8	40.285

## 8. gr.

Gjald fyrir umsókn um rekstrarleyfi í fiskeldi (ný umsókn, breytt tegund eða stækkun) skal vera sem hér segir og er umsókn ekki tekin til afgreiðslu fyrr en gjaldið hefur verið greitt:

<u>Rekstrarleyfisflokkar</u>	<u>Umsókn um rekstrarleyfi kr.</u>
1. flokkur - landeldi B/C* flokkur (51 klst.)	476.850
2. flokkur - landeldi A* flokkur (62 klst.)	579.700
3. flokkur - sjókvíaeldi annað B/C* flokkur (76 klst.)	710.600
4. flokkur - sjókvíaeldi annað A* flokkur (86 klst.)	804.100
5. flokkur - sjókvíaeldi laxfiskar B/C* flokkur (118 klst.)	1.103.300
6. flokkur - sjókvíaeldi laxfiskar A* flokkur (158 klst.)	1.477.300

\*A flokkur á við þegar framkvæmdir eru háðar mati á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun, en B og C flokkur er ekki háður slíku mati.

Fyrir aðra vinnu vegna rekstrarleyfa fiskeldis, meðal annars endurnýjun rekstrarleyfis, framsal, breytingu á staðsetningu búnaðar innan starfssvæðis o.fl., skal greitt tímagjald skv. 9. gr. Hið sama gildir um eftirlit í fiskeldi.

## 9. gr.

Fyrir annað eftirlit en tilgreint er í gjaldskrá þessari skal greiða tímagjald að fjárhæð 9.350 kr./klst. Tímagjald greiðist einnig vegna vinnu við leyfisveitingar og fyrir viðbótareftirlit ásamt tíma sem fer í ferðir, undirbúning og frágang. Fari eftirlit fram utan venjulegs vinnutíma, milli kl. 08.00-17.00 á virkum dögum, skal greiða tímagjald að fjárhæð 13.815 kr./klst. Greiða skal kr. 3.300 akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn. Auk þess skal kostnaður vegna rannsókna og greininga ásamt umsýslukostnaði greiddast af eftirlitsþola.

## 10. gr.

Gjalddagi skal vera 15 dögum frá útgáfu reiknings. Eindagi gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er 15 dögum eftir gjalddaga. Heimilt er að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi, sé reikningur ekki greiddur á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

## 11. gr.

Matvælastofnun annast innheimtu eftirlitsgjalda samkvæmt reglugerð þessari. Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða framkvæmd reglugerðarinnar sker sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

## 12. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 25. og 26. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, 11. og 17. gr. laga um slátrun og sláturafurðir nr. 96/1997, 31. og 31. gr. a. laga um sjávarafurðir nr. 55/1998, 8. og 8. gr. a. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, 15. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt, 33. gr. laga nr.

Nr. 220

23. febrúar 2018

55/2013 um velferð dýra, 14. og 14. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. febrúar 2018.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Birgitta Kristjánsdóttir.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 23. febrúar 2018

Leiðrétt skjal: 26. febrúar 2018